

FUNDARGERÐ

AÐKOMULEIÐIR AÐ FRÍÐLANDINU Í INGÓLFSHÖFÐA

Dags.fundar 1. nóvember 2018	Tími 11:00-12:00	Staður Vegagerðin	
Fundarboðandi: Eyþóra Hjartardóttir		Fundarritari: Þórdís Björt Sigþórsdóttir	
Fundarmenn: Eyþóra Hjartardóttir, Hersir Gíslason og Sigurður Björn Reynisson frá Vegagerðinni, Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Svava Pétursdóttir og Hákon Ásgeirsson frá Umhverfisstofnun			
Afrít sent til: Allra fundarmanna.			
Markmið fundar: Aðkomuleiðir og slóðar að friðlandinu í Ingólfshöfða			

Atriði nr.	Lýsing
1	<p>Rætt var aðkomuleiðir að höfðanum og hvernig best væri að skilgreina slóðann sem liggur að friðlandinu. Samstarfshópur sem vinnur að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið hefur talað fyrir því að skilgreina ekki veginn sem almennan veg heldur frekar sem einhversskonar þjónustuveg.</p> <p>Vegagerðin útskýrir nýju srkána, skrá yfir vegi náttúru Íslands. Í skránni er ekki komin nein almennileg flokkun, heldur ástand vegarins og ekkert sveitarfélag búið að birta enn sem komið er og ekki heldur komin tímaáætlun en þetta á að fara í skipulagsáætlanir. Vegagerðin ítrekar það að ef vegurinn á að hvera í skránni þá þarf hann að vera skilgreindur og flokkaður í F0-F3, til þess að hægt sé að nota hann þá verður hann að vera í skránni. Sveitarfélög hafa heimild til að gera ákveðna skilgreiningu á hvernig vegurinn er notaður, ekki komið fordæmi fyrir því ennþá, þarf því að skoða með sveitarfélagi Hornafjarðar. Vegagerðin bendir á að gott er að hafa samband við ráðuneytið og hvernig þau hafa hugsað þetta.</p>
2	<p>Rætt var réttur landeiganda í Hofsnesi að notkun slóðans sem liggur um þeirra land og þau halda við og hvort þau hafi rétt á að hamlar för aðila sem koma í atvinnurekstri um veginn.</p> <p>Vegagerðin gat ekki svarað þessari spurningu skýrt.</p>
3	<p>Rætt var almennt um skrána og ólíka vegi.</p> <p>Fundi slitið klukkan 12:00</p>